



Fundargerð fræðslunefndar 08. júní 2017

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudaginn 8. júní 2017, kl. 12:30 í Brekkubæ.

Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Ingvar Eðvarðsson.

Jón Haraldsson. Einnig kom á fundinn Sandra Konráðsdóttir leikskólastjóri og Hafrún Róbertsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál – Síðasta fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál –Beiðni um leikskólapláss utan lögheimilissveitarfélags.

Beiðni kom frá fjölskyldum í Langanesbyggð um leikskólavistun barna með lögheimili í Langanesbyggð í leikskólanum Brekkubæ á Vopnafirði næsta skólaár.

Eftirfarandi var samþykkt að loknum umræðum um málið.

Fræðslunefnd Vopnafjarðar vísar til tillögu sem var samþykkt af fræðslunefnd 17. okt. 2016 og kom fyrir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 3. nóvember 2016 en þar sem segir:

Frá og með næsta skólaári, sem hefst í september 2017 verði viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags látnar gilda við umfjöllun slíkra málefna, var samþykkt í sveitarstjórn í nóv. 2016.

Börn eru velkomin til leikskóladvalar á Vopnafirði sé viðmiðunarreglum fylgt eða komi til lögheimilisflutningur foreldra til Vopnafjarðar.

3. mál - önnur mál

- Formaður spurði um stöðu leikskólans. Leikskólastjóri fór yfir helstu mál skólans, þar kom fram að skólinn er orðinn heilsuleikskóli. Einkunnarorð heilsuleikskóla eru næring, hreyfing og sköpun. Fræðslunefnd fagnar breyttum áherslum og hvetur skólasamfélagið til að taka upp heilsustefnu og Vopnafjarðarhrepp til að kynna sér hollari matseðla sem hægt er að nálgast innan heilsuleikskólaprógrammsins, þar sem áhersla er lögð á minni sykur og saltnotkun og minni notkun tilbúins matar.
- Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á starfsmannamálum í leikskólanum næstu misseri.

- Foreldrar virðast ánægðir með nýtt fyrirkomulag sumarleyfa í leikskólanum Brekkubæ.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:10

Hafþór Róbertsson